

Pingsályktunartillaga um þjóðarleikvang og aðstöðu fyrir landsliðfólk ÍSLANDS

74.Íþróttaping ÍSÍ haldið 3.- 4. maí 2019 lýsir yfir þungum áhyggjum af aðstöðuleysi landsliða og afreksíþróttafólks Íslands í flestum íþróttagreinum. Flestum sérsamböndum innan ÍSÍ vantar varanlega aðstöðu (þjóðarleikvang) til æfinga og keppni fyrir öll sín landslið og afreksíþróttafólk. Fullyrða má að aðstöðuleysið sé farið að hamla framþróun í afreksstarfi íþróttahreyfingarinnar.

Íþróttaping óskar eftir því að stjórn Íþrótta- og Ólympíusambandsins (ÍSÍ), sem regnhlífarsamtök hreyfingarinnar hefji tafarlaugar viðræður við ríkisvaldið og borgaryfirvöld um varanlega lausn á aðstöðuleysi afreksíþróttafólks og landsliða okkar sem og að skipaður verði vinnuhópur um þjóðarleikvang sem nýst getur sem flestum íþróttagreinum fyrir 20. maí 2019.

Greinagerð:

Laugardalshöllin hefur verið heimavöllur íþróttahreyfingarinnar um árabíl. Laugardalshöllin var tekin í notkun árið 1965 og átti að vera þjóðarleikvangur í 20 ár. Nú eru rúm 50 ár frá því að hún var byggð og er hún fyrir löngu orðin orðin barn síns tíma og nær ekki að þjóna því hlutverki sem henni er ætlað sem þjóðarleikvangur. Þegar keppt er í undankeppnum stórmóta þarf að sækja um undanþágur til alþjóðasambanda þar sem höllin uppfyllir ekki skilyrði til mótahalds eins og kröfur hafa verið undanfarin ár. Óvíst er að slíkar undanþágur fáið öllu lengur.

Laugardalshöllin gegnir margþættu hlutverki; hún er sýningarhöll, tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð svo fátt eitt sé nefnt auk þess að vera íþróttahús í því hverfi þar sem hún er staðsett. Í seinni tíð er Laugardalshöllin sjaldan laus fyrir almennar landsliðsæfingar og er það oft ærið verkefni að finna laus hús til æfinga. Landslið okkar þurfa nauðsynlega á varanlegri æfingaaðstöðu að halda ásamt því að fá aðgang að varanlegri keppnisaðstöðu sem uppfyllir kröfur nútímans.

Undanfarin ár hafa sérsambönd ÍSÍ fundað með fulltrúum ríkisvaldsins og borgaryfirvalda vegna þessa máls og með hugmyndir að þjóðarleikvang. Það er kominn tími til að íþróttahreyfingin snúi bókum saman sem ein heild í þessari vinnu undir dyggri forystu og stjórn ÍSÍ.

Tillöguflytjendur:

Blaksamband Íslands - BLÍ
Dansíþróttasamband Íslands - DSÍ
Fimleikasamband Íslands - FSÍ
Handknattleikssamband Íslands -HSÍ
Íþróttasamband fatlaðra - ÍF
Júdósamband Íslands - JSÍ
Keilusamband Íslands - KLÍ
Körfuknattleikssamband Íslands – KKÍ
Landssamband Hestamannafélaga - LH
Siglingasamband Íslands – SÍL
Skautasamband Íslands - ÍSS
Sundsamband Íslands – SSÍ